

Selfossi, 15. febrúar 2013
Tilvísun: MAST13010161

Efni: Fóðureftirlit hjá bændum

Matvælastofnun mun nú í febrúar og mars halda áfram eftirliti með fóðri og fóðrun hjá bændum. Í ár verður eftirlit hjá bændum í Grímsnes og Grafningshreppi, Bláskógabyggð, Árborg, Vestmannaeyjum, Flóahreppi og Rangárþingi ytra á Suðurlandi; Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð í Eyjafirði og Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Þingeyjasveit og Skútustaðahreppi í Þingeyjasýslu. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð 107/2010, en þar er innleidd reglugerð EB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs. Kröfur til bænda og annarra frumframleiðenda fóðurs koma fyrst og fremst fram í I. og III. viðauka reglugerðarinnar. Reglugerðina má finna á heimasíðu MAST undir *Lög og reglur/Fóður*. Búfjáreftirlitsmenn munu sjá um eftirlitið samhliða árlegri vorkoðun.

Bændabýli teljast nú fóðurfyrirtæki, eða eins og stendur í skilgreiningu á fóðurfyrirtækjum í reglugerð um matvæli: „fóðurfyrirtæki“: fyrirtæki sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á fóðri handa dýrum á eigin bújörð.

Í reglugerð um kröfur er varða hollustu fóðurs er mest áhersla lögð á fjögur atriði.

Skráningu starfsstöðva: Skrá þarf hjá MAST alla starfsemi búsin, sem fellur undir fóðurframleiðslu og ekki fellur beint undir hefðbundinn búskap. Hér er átt við t.d. þurrkunarstöð fyrir bygg eða annað korn, flutning á fóðri, sölu fóðurs, verktöku við slátt eða þreskingu o.s.frv.

Hollustusamlega meðferð fóðurs: Halda þarf fóðurgeymslum, gjafabúnaði, brynningarbúnaði, flutningstækjum hreinum og þrifalegum og skipta þarf reglulega um fóður og undirburð og fleira þess háttar.

Mengunarvarnir: Verja þarf fóður gegn meindýrum og utanaðkomandi mengun. Geyma þarf fóður aðskilið frá öðrum efnum eins og áburði, fræjum, hreinsiefnum, olíum og eiturefnum og fjarri tækjum og verkfærum.

Rekjanleika: Fóðurfyrirtæki þurfa að geta rakið aðkeypt fóður skv. lotunúmerum eða framleiðsludagsetningu til seljanda eða framleiðanda. Jafnframt þurfa þau að geta rakið afhent eða selt fóður skv. lotunúmerum eða framleiðsludagsetningu til mótakanda eða kaupanda.

Á næstu 5-7 árum mun samskonar eftirlit eiga sér stað hjá öllum bændum á landinu. Kostnaður bænda vegna eftirlitsins verður 8.348 kr.

Á býlum þar sem ekki eru gerðar neinar athugasemdir má búast við samskonar eftirliti á 5-10 ára fresti. Þar sem gerðar eru athugasemdir má búast við heimsókn eftirlitsfólks að nýju innan árs.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Valgeir Bjarnason
fagsviðsstjóri